

Nr. 18-093 S 065 Veiga ÍS 76**Vélarvana og dregin í land**

Skipaskr.nr. 6360
Útgerð: Kolbeinseyri ehf.
Smíðaður: Mótun, 1982, trefjaplast.
Stærð: 5,94 brl. 5,49 bt.
Mesta lengd: 8,45 m Skráð lengd: 8,43 m
Breidd: 2,94 m Dýpt: 1,51 m
Vél: Volvo Penta, 119 kw, 2005.
Fjöldi skipverja: 1



Veiga © Sigurður Bergþórsson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.


Atvikalýsing:

Þann 12. júní 2018 var Veiga ÍS 76 á siglingu á Vestfjarðamiðum. Veður: ANA 4 – 5 m/s.

Á siglingunni varð báturinn vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Þjörgunarskipið Gísli Hjalta dró bátinn til hafnar í Bolungarvík.

Við rannsókn kom fram:

- að legur í kælivatnsdælnni gáfu sig og drifreimar fóru af;
- að 8. ágúst brotnaði reimhjólíð á vatnsdælnni og báturinn var aftur dreginn til hafnar;
- að við skoðun kom í ljós að í júní hafði drifreim fyrir alternator verið sett beint yfir á sveifarásinn í staðinn fyrir vatnsdæluhjólíð;
- að vélin var af gerðinni Volvo Penta 43 með keflablásara, reimdrifinn frá vatnsdæluhjólínu þar sem önnur reim átti að vera einnig yfir á alternatorinn;



Reimdrif á Volvo Penta 43

- að myndin sýnir reimdrifið. Reim B er frá vatnsdælu yfir á alternator og reim C er frá vatnsdælu yfir á keflablásara;
- að þegar keflablásarinn kom inn kom högg á reimdrifið en hlutverk alternatorsins er að halda á móti högginu og minnka álagið á vatnsdæluhjólið sem brotnaði.

Nefndarálit:

Orsök þess að vatnsdæluhjólið brotnaði var rangur frágangur á reimdrifinu.